

BORGARRÁÐ 22. ágúst 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar um eftirlitsmyndavélar - R19080139

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að gerð verði tilraun í samvinnu Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar í Reykjavík með að koma upp eftirlitsmyndavélum í tilteknum hverfum borgarinnar sem eru afskekkt eða í útjaðri borgarinnar. Um er að ræða sambærilegar vélar og settar hafa verið upp í öðrum sveitarfélögum m.a. Seltjarnarnesi, Garðabæ og Selfossi. Slíkar vélar yrðu settar upp í samráði við íbúa og lögreglu sem bæri ábyrð á framkvæmdinni og upptökunum.

Greinargerð:

Bætt tækni í notkun eftirlitsmyndavéla gefur tækifæri til að auðvelda vinnu lögreglu á vissum sviðum. Eitt af því sem unnt er að gera tæknilega er að greina og leita eftir ákveðnum bílum og bílnúmerum. Þetta getur sparað dýrmætan tíma þegar mikið liggur við. Rétt er að áréttta að útfærsla kerfisins verði unnin í samráði við Persónuvernd og farið verið eftir persónuverndarlögum í hvívetna. Íbúar og ákveðin hverfi hafa þegar sýnt þessum málaflokki áhuga og er rétt að stíga hér markviss skref.